

Fréttatilkynning frá Bókasambandi Íslands 2. desember 2020

79,6% bókatitla prentaðir erlendis

Prentstaður íslenskra bóka 2020

Bókasamband Íslands hefur kannað prentstað íslenskra bóka sem getið er í Bókatíðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2020. Fjöldi titla sem prentaðir eru innanlands eru 133 og fækkar um 12 frá fyrra ári og sem hlutfall af heild minnkar hún milli ára um 1,3%, er 20,4% í ár en árið 2019 var hlutfallið 21,7% á prentun bókatitla innanlands. Fjöldi titla sem prentaður er erlendis er 519 eða 79,6% en var 522 eða 78,3% í fyrra.

Heildarfjöldi prentaðra bókatitla er 652 í Bókatíðindunum í ár en var 667 árið 2019.

Skoðað var hvert hlutfall prentunar innanlands og erlendis er eftir flokkum.

- Fræðibækur, bækur almenns efnis og listir eru alls 140; 54 (39%) prentuð á Íslandi og 86 (61%) prentuð erlendis.
- Skáldverk, íslensk og þýdd, eru 203; 52 (26%) prentuð á Íslandi og 151 (74%) prentuð erlendis.
- Saga, ættfræði, ævisögur, handbækur, matur og drykkur eru alls 68; 7 (10%) prentuð á Íslandi og 61 (90%) prentuð erlendis.
- Barnabækur, íslenskar og þýddar, eru alls 241; 20 (8%) prentuð á Íslandi og 221 (92%) prentuð erlendis.


Eftirfarandi listi sýnir fjölda bóka prentaðra í hverju landi og hlutfall af heild, jafnframt eru til samanburðar tölur fyrir árið 2019:

	Fjöldi titla	%
Ísland	133	20,4
Evrópa	441	67,6
Asía	78	12,0
Samtals	652	100%

Árið 2019	Fjöldi titla	%
Ísland	145	21,7
Evrópa	468	70,2
Asía	49	7,4
USA	5	0,7
Samtals	667	100%

Frekari upplýsingar veitir Georg Páll Skúlason, Grafíu – stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum. Netfang: georg@rafis.is og sími 5400100.

Hlutfall prentunar íslenskra bóka 1998 - 2020



Fjöldi prentaðra íslenskra bóka 1998 - 2020

